


júní 2008
Sport

[SÉRBLAD FRÉTTABLADSINS UM ÍPRÓTTIR]



ALLT UM EM 2008



SPURT OG SVARAÐ

Hverjir vinna EM? Hvaða leikmaður slær í gegn?



GEIR ÓLAFSSON: „Frakkar, Þjóðverjar og Hollendingar eru sigurstranglegir en ég held að Ronaldo eigi samt eftir að verða stjarna mótsins.“



BALDUR BECK: „Önnur hvor heimaþjóðin mun klárlega taka þetta. Hallast meira að Austurríki. Alex Manninger verður svo hetja þeirra.“



TEITUR ÞÓRÐARSON: „Þýskaland eða Ítalía vinnur mótið, en ef ég færi eftir hjartanu þá myndi ég segja Frakkland. Ronaldo verður bestur.“



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR: „Spái Frökkum sigri og Franck Ribery gæti slegið í gegn, sem og táningarnir Samir Nasri og Karim Benzema.“

EVROPUMEISTARAMÓTIÐ Í FÓTBOLTA - RIÐILL A

SVISS

Sviss

Þjálfari: Jakob Kuhn



Besti árangur: 1. umf. Árangur: **S0-J2-T4**

Líklegt byrjunarlið Sviss (4-3-2-1)



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Valon Behrami

- 23 ára kantmaður

Spennandi kantmaður sem leikur með Lazio. Lunkinn og teknískur og hefur verið sívaxandi í sínum leik. Fæddist í Kosovo en er uppalinn í Sviss þar sem hann sleit barnskónum. Þvællir óhræddur og ógnar mikið með leikni sinni, sem Svisslendingar treysta mikið á.

PORTÚGAL

Portúgal

Þjálfari: Luiz Felipe Scolari



Úrslitak. EM

Í úrslit 2004 Árangur: **S10-J4-T5**

Líklegt byrjunarlið Portúgals (4-2-3-1)



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Miguel Veloso

- 22 ára miðjumaður

Djúpur miðjumaður sem hefur verið sterklega orðaður við stórlíð í Evrópu. Frábærar sendingar og góð tækni eru hans helstu kostir sem bætur upp fyrir hægán leik. Lykilmaður í Sporting. Leikur væntanlega með Moutinho fyrir framan vörnina.



ÖLL AUGU Á ÞEIM BESTA

Cristiano Ronaldo þarf að halda áfram að spila eins og sá besti fyrir Portúgal á EM í sumar. Þeir eru með vel mannað lið og Scolari þjálfari er líklegur til að ná langt. Tomas Rosicky verður ekki með Tékkum og án hans veikist liðið til muna. Sviss og Tyrkland eru litlu liðin sem freista þess að stríða þeim stóru.

Ölilega beinast augu flestra að Cristiano Ronaldo í þessum riðli. Besti leikmaðurur síðasta tímabils að mati flestra en spurningin er hvort hann nær að taka form sitt frá Englandi yfir í landsliðið. Blússandi sóknarleikur Portúgala gæti þó komið niður á varnarleikum en liðið tapaði þó aðeins einum leik í undankeppninni. Í vörninni er þó enga aukvissa að finna, Pepe hjá Real Madrid og Ricardo Carvalho eru miðverðir og Jose Bosingwa, sem Chelsea keypti fyrir sumarið á rúmar sextán milljónir punda, er hægri bakvörður. Veðbankar telja að Portúgalar fari með sigur af hólmi í riðlinum og skal engan undra.

Heimamenn í Sviss eru ekki í öfundsverðu hlutverki. Flestir telja að leið Portúgala og Tékkna ætti að vera greið áfram í átta liða úrslitin. Svisslendingar eru með eitt slakasta lið keppinnar að margra mati en með heimavöllinn á bak við sig gætu þeir strítt stærri liðunum. Þeir eru með nokkra spennandi leikmenn. Philipp Degen var að ganga í raðir Liverpool og er í vörninni ásamt Arsenalparinu Philipp Senders og Johan Djourou sem reyndar var í láni hjá Birmingham. Hakan



Tuncay Sanli (Tyrkland)

Yakin þekkja margir og Valon Behrami gæti sprungið út eftir gott tímabil á Ítalíu.

Hakan Sukur er ekki í liði Tyrkja en það hefur valdið gríðarlegum deilum þar á bæ. Hann er markahæsti leikmaður Tyrkja sem lenti í þriðja sæti á HM 2002 í Japan og Suður-Kóreu. Þeir komust ekki á EM 2004 né HM 2006. Sóknarleikur Tyrkja byggist upp á fyrirlíðanum Emre, Nihat Kavachi og Tuncay Sanli. Sóknin er sterk en vörnin mjög hæg og gæti það reynst dragbítur Tyrkja.

Tékkar eru með spennandi lið en fjarvera fyrirlíðans Tomas Rosicky veikir liðið þó mikið. Ekki er heldur að finna menn á borð við Pavel Nedved sem er hættur en gamli jaxlinn Jan Koller leiðir sóknina. Þrátt fyrir að vera orðinn 35 ára gamall er hann lykilmáður í liðinu. Þeir hafa Petr Cech í markinu og margreynd vörnir fékk aðeins á sig fimm mörk í undankeppninni. Jaroslav Plasil bindur miðjuna saman fyrir framan vörnina og er liðinu mjög mikilvægur. Karel Bruckner er margreyndur þjálfari sem er afar snjall og er meðal refanna sem vita upp á hárum hvað svona mót snúast.

Basel
Bygður: 1954. Opnar á ný: Mars, 2001
Einkunn hjá UEFA: ★★★★★

Heimavöllur: FC Basel
Leikir: 19. júní 8-liða úrslit, 21. júní 8-liða úrslit, 11. júní Sviss - Tyrkland, 25. júní Undanúrslit, 15. júní Sviss - Portúgal

Stade de Genève, Genf
Opnaði: Mars 2003
Áhorfendafjöldi: 30.000

Leikir: 7. júní Portúgal - Tyrkland, 11. júní Tékkland - Portúgal, 15. júní Tyrkland - Tékkland

TYRKLAND

Tyrkland

Þjálfari: Fatih Terim



Úrslitak. EM

Besti árangur: 1. umf. Árangur: **S1-J1-T5**

Líklegt byrjunarlið Tyrklands (4-3-1-2)



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Mehmet Aurélio

- 30 ára miðjumaður

Spilar djúpt á miðjunni fyrir framan vörnina. Seigur miðjumaður sem er fyrirlíði Fenerbahce. Fæddur og uppalinn í Brasilíu en er kominn með tyrkneskt ríkisfang. Er sterkur með boltann og góða yfirsýn yfir völlinn. Lykilmaður á miðjunni.

TÉKKLAND

Tékkland

Þjálfari: Karel Brückner



Úrslitak. EM

Sigurvegarar 1976 Árangur: **S10-J5-T7**

Líklegt byrjunarlið Tékklands (4-4-2)



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Martin Fenin

- 21 árs sóknarmaður

Einn besti leikmaður Tékkna á HM U-20 ára liða 2007. Gat farið til Juventus en valdi Frankfurt til að spila reglulega og skoraði þrennu í sínum fyrsta leik þar. Gæti leikið frammi með Jan Koller, sem steig fótsporin sem Fenin er ætlað að feta í.

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA



6. umferð	Landsbankadeild karla			
sun. 8. júní	FH	14:00	Fjölnir	
sun. 8. júní	Fram	14:00	Grindavík	
sun. 8. júní	HK	14:00	ÍA	
sun. 8. júní	Valur	14:00	Breiðablik	
sun. 8. júní	Keflavík	14:00	KR	

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völlinn.
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.



VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

SPURT OG SVARAÐ

Hverjir vinna EM? Hvaða leikmaður slær í gegn?



ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR:
„Held með Tékum en veit ekki hvaða lið gæti farið alla leið. Það verður gaman að fylgjast með Torres og Ronaldo.“



HALLDÓR „HENSON“ EINARSSON:
„Ég ætla að spá því að Króatar verði óvænt Evrópumeistarar og það bendir allt til þess að Ronaldo verði stjarna mótsins.“



INGVI HRAFN JÓNSSON:
„Hef það á tilfinningunni að Þjóðverjar vinni mótið en hinn franski Thierry Henry verður maður mótsins.“



HJALTI „ÚRSUS“ ÁRNASON:
„Portúgal hefur alla burði til þess að vinna mótið og ég held að Ronaldo verði þar klárlega lykilmáður.“

EVROPEUMEISTARAMÓTIÐ Í FÓTBOLTA - RIÐILL B

AUSTURRIKI

Austurríki
Þjálfari: Josef Hickersberger



Úrslitak. EM

Fyrsta skipti í lokak. Arangur: 50-10-10



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Andreas Ivanschitz
– 24 ára miðjumaður

Hinn austurríski Beckham, eins og hann er gjarnan kallaður í heimalandinu. Fyrirliði og leiðtogi á velli þrátt fyrir ungan aldur en tækni og vinnusemi eru helstu kostir hans. Snjall tónlistarmaður sem spilar á óbó, pianó og trommur og er um leið helsta stjarna heimamanna.

KRÓATÍA

Króatía
Þjálfari: Slaven Bilic



Úrslitak. EM

Átta liða úrslit 1996 Arangur: 52-12-13



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Luka Modrić
– 25 ára miðjumaður

Hjarta Króatíu og lykilmáður þeirra í velgengni á mótinu. Snjall miðjumaður sem hefur oft verið líkt við Johan Cruyff. Hefur gott auga fyrir spili og skýtur á markið þegar hann sér það. Segist spila best undir pressu og hún verður svo sannarlega til staðar á mótinu.



HERT ÞÝSKT STÁL

Þjóðverjar eru af flestum taldir líklegir til að ná langt á EM í ár. Þeir eru með afar vel mannað lið en eru í snúnum riðli með Króötum og Pólverjum. Bæði þessi lið eru líkleg til að stríða Þjóðverjum en berjast líklega um annað sæti. Austurríkismenn eru heppnir ef þeir fá stig.

Risarnir í Þýskalandi eru sigurstranglegastir í B-riðli. Þýska stálið er gríðarlega sterkt og skartar frábærum leikmönnum í hverri stöðu. Flestir veðbankar spá þeim raunar sigri á mótinu og þarf það ekki að koma á óvart. Miroslav Klose, maður stórmótanna, er ávallt skeinu-hættur. Hann skoraði fimm mörk á HM 2002 og 2006 þar sem hann var markakóngur auk sjö marka í undankeppninni. Lukas Podolski skoraði þar átta mörk en Mario Gomes, markakóngur Þýskalands á síðasta tímabili, gæti einnig spilað frammí. Með menn á borð við Michael Ballack og þrumufleyginn Bastian Schweinsteiger á miðjunni eru Þjóðverjum allar dyr opnar. Þeir skoruðu 35 mörk í undankeppninni og fengu aðeins á sig sjö.

Pólverjar eru með Þjóðverjum í riðli en Þjóðirnar eiga sér langa sögu. Bæði Klose og Podolski eru fæddir í Póllandi en Þjóðin hefur fáar stórstjórnur innan sinna eigin raða. Leo Beenhakker hefur náð ótrúlega langt með liðið og er lýst sem Þjóðhetju í landinu. Euzebiusz Smolarek leikur lykilhutverk en hann skoraði níu mörk í undankeppninni. Beenhakker notar hraða kantmenn á borð við Jacek Krzynówek og með góðan markmann í Artur Boruc

gætu þeir svo sannarlega komið á óvart. Til að gera það er lyklatríði að þeir vinni Króata.

Slaven Bilic hefur byggt upp gott lið Króata en fjarvera Eduardos da Silva er gríðarlegt áfall fyrir liðið. Hann var markahæstur í undankeppninni hjá Þjóðinni sem treystir nú mikið á Luka Modric sem genginn er til liðs við Tottenham. Niko Kranjcar hefur sýnt góða takta með Portsmouth og reynslumikil vörnin er feikiöflug. Jálfar á borð við Dario Simic og Niko Kovac eru illviðráðanlegir og Stipe Pletikosa er öflugur markamaður. Króatar eru líklegir til að komast áfram en líklegt má telja að það verði hreinn úrslitaleikur milli þeirra og Pólverja 16. júní um hvort fylgja Þjóðverjum áfram.

Austurríki er lakasta Þjóðin á EM að þessu sinni. Heimamenn eru með veikt lið sem komst á mótið vegna heimavallarins. Austurríki er í 92. sæti á heimslistanum en til samanburðar er Ísland í sæti númer 85. Raunar komust Austurríkismenn upp fyrir sæti 100 í síðustu viku í fyrsta skipti í langan tíma. Þeir léku tólf vináttuleiki árið 2007 og unnu aðeins einn. Austurríska liðið er einn höfuðverkur út í gegn, allt frá markmanni sem var valinn rétt fyrir mót til slakra markaskorara. Þeir ætla að treysta á unga menn á borð við Joachim Standfest og René Aufhauser en líklegt má telja að þeir tapi öllum leikjum sínum í riðlinum. Þeir njóta þó væntanlega augnablikins enda fyrsta Evrópumót sem þeir taka þátt í frá upphafi.



Klagenfurt
Bygður: 1960. Opnaður á ný: September 2007
Áhorfendafjöldi: 30.000

Leikir:
8. júní Þýskaland - Pólland
12. júní Króatía - Þýskaland
16. júní Pólland - Króatía

Heimavöllur: Austria Kärnten
Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

Ernst Happel Stadium, Vín
Bygður: 1931. Opnaður á ný: Júlí, 2005
Einkunn UEFA: 5★

Heimavöllur: Austria Wien, Rapid Wien
Leikir:
8. júní Austurríki - Króatía
12. júní Austurríki - Pólland
16. júní Austurríki - Þýskaland

20. & 22. júní Átta liða úrslit
26. júní Undanúrslit
29. júní Úrslit

Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

ÞÝSKALAND

Þýskaland
Þjálfari: Joachim Loew



Úrslitak. EM

Sigurv. 1972, 80, 96 Arangur: 515-110-17



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Bastian Schweinsteiger
– 24 ára miðjumaður

Getur leikið allar stöður á miðjunni. Sívinnandi vél sem ógnar mikið með frábærum langskotum sínum. Aukaspurnusérfræðingur mikill og spyrnur hans gætu leikið lykilhutverk hjá Þjóðverjum. Var nálægt því að gerast atvinnumaður á skíðum á árum áður.

PÓLLAND

Pólland
Þjálfari: Leo Beenhakker



Úrslitak. EM

Fyrsta skipti í lokak. Arangur: 50-10-10



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Euzebiusz Smolarek
– 27 ára sóknarmaður

Markahæstur Pólverja í undankeppninni og þeirra aðalmarkaskorari. Er nefndur eftir portúgölsku goðsögninni Eusébio og er undir mikilli pressu. Skoraði ekkert á síðasta HM og lítið með Racing Santander á tímabilinu. Pólverjar treysta á mörkin hans og þau þurfa að koma.



© 2006 Adidas AG. All rights reserved. Adidas and the Adidas logo are registered trademarks of Adidas AG. All other marks are the property of their respective owners.

SPURT OG SVARAÐ

Hverjir vinna EM?
Hvaða leikmaður slær í gegn?



ARON KRISTJÁNSSON:
„Frakkland verður Evrópu-meistari og ég held að það sé nokkuð ljóst að Ronaldo verði stjarna mótsins.“



SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON:
„Ég skýt á að Portugal taki þetta og held að Ronaldo verði bestur, enda er hann besti leikmaður heims í augnablikinu.“



ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR:
„Ég tippa á að Portugal verði Evrópu-meistari og þá liggur auðvitað í augum uppi hver verður stjarna mótsins.“



HLYNUR BÆRINGSSON:
„Holland tekur þetta og ég held að Robben verði stjarna mótsins, hann er helvíti góður.“

EVROPUMEISTARAMÓTIÐ Í FÓTBOLTA - RIÐILL C

HOLLAND

Holland
Þjálfari: Marco van Basten



Úrslitak. EM

Sigurveggarar 1988
Árangur: S14-J8-T6



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Klaas-Jan Huntelaar

- 24 ára sóknarmaður
Á leið til stærra liðs frá Ajax þar sem hann hefur skorað 70 mörk í 82 leikjum. Mun taka við af Ruud van Nistelrooy og hefur þegar stimplað sig inn í landsliðið. Markaskorari af guðs náð sem er oftan en ekki réttur maður á réttum stað. Frábær skalla- maður sem getur notað báða fætur.

ÍTALÍA

Ítalía
Þjálfari: Roberto Donadoni



Úrslitak. EM

Sigurveggarar 1968
Árangur: S10-J10-T3



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Antonio Di Natale

- 30 ára kantmaður
Á að sjá um að mata Luca Toni vinstra megin frammi ásamt Alessandro Del Piero af hægri kantinum. Ótrúlega lunkinn leikmaður með frábærar sendingar. Þrátt fyrir að vera orðinn þrítugur er hann afar snjall, fljótur og útsjónarsamur.



STERKUR DAUÐARIÐILL

C-riðill er dauðariðillinn á EM í ár. Flest augu eru á Frökkum, Ítölum og Hollendingum en gleyma Rúmenum sem voru ofar en þeir appelsínugulu í undankeppninni. Erfitt er að spá fyrir um þennan riðil þar sem nákvæmlega allt getur gerst.

Í talar gráta Fabio Cannavaro. Hann var besti leikmaður þeirra í Þýskalandi árið 2006 þegar þeir urðu heimsmestarar en er nú meiddur. Misstu þeir ekki aðeins frábæran leikmann heldur einn af leiðtogum liðsins sem tók við kyndlinum af Paolo Maldini. Francesco Totti er hættur en Ítalar eiga sæg af góðum knattspyrnumönnum. Luca Toni gæti orðið ein af stjórnun mótsins en varnarleikurinn hefur löngum verið aðalmerki Ítala. Þeir eiga besta markmann í heimi og þrátt fyrir að vera hataður af mörgum er Marco Materazzi frábær leikmaður. Reynslan ætti einnig að veða þungt en meðalaldur liðsins er rétt undir 30 árum og er sá hæsti á mótinu.

Frakkar misstu Zinedine Zidane en aðrar stjórnur eru teknar að fæðast. Á næstu árum munu lykilmenn í dag, Thuram, Vieira og jafnvel Henry, fara að slaka á og leyfa Samir Nasri og Karim Benzema að taka við keflinu. Frakkar eru vel mannaðir í hverri stöðu og Franck Ribery var í frábæru formi með Bayern München á síðasta tímabili. Vieira hefur reyndar verið meiddur en með Makelele bindur hann saman miðjuna fyrir framan sterka vörn liðsins.



Hún fékk aðeins á sig fimm mörk í undankeppninni.

Hollendingar hafa oft valdið vonbrigðum þegar á hólminn er komið. Þeir eru þó í uppáhaldi hjá mörgum og með Real Madrid-parið Wesley Sneijder og Ruud van Nistelrooy ætti sóknin ekki að vera vandamál. Auk þessu eru Robin van Persie og Rafael van der Vaart líklegir til afreka. Edwin van der Sar var lykilmáður í sigri Manchester United í deild og Evrópukeppni og vörnin fékk líkt og sú franska aðeins á sig fimm mörk í undankeppninni. Joris Mathijsen leikur þar stórt hlutverk og ef vörnin heldur vel þá eru Hollendingar í góðum málum. Rúmenar gerðu jafntefli við Hollendinga í Rotterdam og unnu þá á heimavelli. Samt sem áður hefur enginn trú á þeim. Það er reyndar ekki skrítið ef horft er yfir leikmannahópinn en fjölbreytni og samstaða einkenna hann. Alls notaði Victor Pitorca þjálfari 39 leikmenn í undankeppninni en aðalstjarnan er vissulega Adrian Mutu. Fyrirliðinn Cristian Chivu er lykilmáður á miðjunni en hann getur raunar spilað um allan völl. Frammi með Mutu verður svo væntanlega Ciprian Marica en þeir félagar náðu vel saman í undankeppninni þar sem þeir skoruðu samtals ellefu mörk. Að vera litla liðið gæti hentað Rúmenum vel.

RÚMENÍA

Rúmenía
Þjálfari: Victor Pitorca



Úrslitak. EM

Átta liða úrslit
Árangur: S1-J2-T7



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Cristian Chivu

- 27 ára miðjumaður
Fyrirliði Rúmena er fjölhæfur en verður væntanlega á miðjunni. Örvfættur leikmaður sem var vinstri bakvörður en spilar iðulega rétt fyrir framan vörnina með landsliðinu. Sérfræðingur í auka- spyrnum og mikill leiðtogi á velli.


FRAKKLAND

Frakkland
Þjálfari: Raymond Domenech



Úrslitak. EM

Sigurv. 1984, 2000
Árangur: S14-J6-T5



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM




Karim Benzema

- 21 árs sóknarmaður
Aðalframherji Lyon sem þarf að sanna sig á mótinu. Kom eins og stormsveipur í franska boltann og er ein bjartasta vonin þar á bæ. Af alsírkum uppruna eins og Zinedine Zidane en leikstíll hans er líkari æskuhetju hans, Ronaldo hinum brasilíska.

Zürich


Byggður: 1925. Opnaður á ný: September, 2007
Áhorfendafjöldi: 30.000



Leikir:
9. júní Rúmenía - Frakkland
13. júní Ítalía - Rúmenía
17. júní Frakkland - Ítalía
Heimavöllur: FC Zürich
Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

Bern

Byggður: 1925. Opnar á ný: Júlí, 2005
Tekur í sæti: 32.000



Leikir:
9. júní Holland - Ítalía
13. júní Holland - Frakkland
17. júní Holland - Rúmenía
Heimavöllur: BSC Young Boys
Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS



A powerful Player is
working without precision!
impossible is working

Michael Ballack

The new Predator[®] PowerSwerve. Specially engineered for devastating power combined with deadly accuracy.
EVERY TEAM NEEDS A POWER MAN[™] MICHAEL BALLACK, GERMANY & CHELSEA FC adidas.com/1w018001



FULLKOMIN FRAMMISTAÐA

Það er óhætt að segja að frammistaða tveggja manna standi upp úr þegar menn horfa til baka á sögu Evrópumóts landsliða. Annar þeirra, Frakkinn Michel Platini, vann Evrópumeistaratilinn 1984 nánast upp á sitt einsdæmi með því að skora 9 mörk í 5 leikjum en hinn er Hollendingurinn Marco Van Basten sem kórónaði frábæra frammistöðu sína á Evrópumótinu 1988 með því að skora fullkomið mark í úrslitaleiknum.

Michel Platini stóðst pressuna og gott betur á Evrópumótinu sumarið 1984. Hann hafði verið kosinn besti knattspyrnumaður Evrópu, var markakóngur tvölsku deildarinnar síðustu tvö tímabil og átti að leiða franska landsliðið til síns fyrsta titils á heimavelli. Platini gerði gott betur en að standast pressuna því hann var maðurinn á bak við að hið léttleikandi franska landslið fór alla leið og varð Evrópumeistari. Platini skoraði 9 af 14 mörkum liðsins í fimm leikjum sem er met sem verður seint eða aldrei bætt. Mikilvægi markanna var



líka mikið. Hann skoraði sigurmarkið í opunarleiknum á móti Dönum, hann skoraði tvær klassískar þrennur (með vinstri fæti, hægri fæti og skalla) gegn Belgum og Júgóslövu, sigurmarkið í framlengdum undanúrslitaleik á móti Portúgal og svo fyrsta markið í 2-0 sigri á Spánverjum í úrslitaleiknum. Hann skoraði í öllum fimm leikjunum og aðeins eitt af ný mörkum hans kom úr víti. Hann skoraði tvö mörk með vinstri fæti, tvö mörk beint úr aukaspyrnu og tvö mörk með skalla. Það var bara eitt lið (Danmörk) sem skoraði fleiri mörk en Platini í þessari Evrópukeppni og það hefur enginn skorað fleiri mörk í úrslitakeppni EM hvorki í einni keppni né samtals á ferlinum.

Hafi frammistaða Platinis á EM 1984 verið fullkomin þá hefur enginn skorað fullkomnara mark en Hollendingurinn Marco van Basten í úrslitaleiknum á Evrópumótinu 1988. Þegar Marco van Basten sat á bekknum í fyrsta leik Hollandi á EM í Vestur-Þýskalandi 1988, 0-1 tapleik gegn Sovétmönnum, þá gat hvorki hann né aðrir ímyndað sér hvað mikið myndi breytast á næstu tveimur vikum. Van Basten kom reyndar inn á sem varamaður sjö mínútum eftir að Sovétmenn höfðu skoraði sitt eina mark en náði ekki að breyta leiknum. Hann var hins vegar í byrjunarliðinu í næsta leik og skoraði þá



þrennu í 3-1 sigri á Englendingum, fiskaði vítið sem Holland jafnaði metin úr í undanúrslitaleiknum og skoraði síðan sigurmarkið rétt fyrir leikslok. Í úrslitaleiknum lagði van Basten síðan upp fyrra markið fyrir Ruud Gullit áður en hann skoraði markið ótrúlega. Adri van Tiggelen vann boltann á miðjunni og gaf hann á Arnold Mühren úti á vinstri vængnum. Mühren sendi háan svífandi bolta yfir á fjarstöng þar sem van Basten var átta metra frá markinu, aðþrengdur af bæði endalínunni

sem og nokkrum sovéskum varnarmönnum. Það eina í stöðunni virtist vera að gefa boltann fyrir en Van Basten var með sjálfs-traustið í botni og lét bara vaða. Hann hitti boltann fullkomlega og hann sveif yfir Rinat Dasaev, besta markvörð Evrópu, og datt niður í fjarhornið. Það hefur ekki og mun eflaust ekki vera skorað fállegra mark í úrslitaleik á stórmóti en þetta mark van Bastens á kom 54. mínútu í úrslitaleik Hollendinga og Sovétmanna á Ólympíuleikvanginum í München 25. júní 1988.



BASTEN OG PLATINI

Nafn: Marco van Basten
 Fæddur: 31. október 1964
 Hæð: 188 sm
 Leikstaða: Framherji
 Félag: Ajax (1982-87) og AC Milan (1987-1993)
 Í dag: Þjálfari hollenska landsliðsins og verðandi þjálfari Ajax.

Vissir þú? - Marco van Basten lék í aðeins einni HM á ferlinum, HM 1990 á Ítalíu. Holland sat eftir í undankeppni HM 1986 og van Basten var meiddur á HM 1994.

- Marco Van Basten var þrisvar valinn besti knattspyrnumaður Evrópu 1988, 1989 og 1992.

Nafn: Michel Platini
 Fæddur: 21. júní 1955
 Hæð: 178 sm
 Leikstaða: Miðjumaður
 Félag: AS Nancy (1972-79), Saint-Étienne (1979-82) og Juventus (1982-87).
 Landsleikir/mörk: 72/41 (1976-87)

Í dag: Forseti UEFA
 Vissir þú? - Michel Platini lék síðasta landsleik sinn á ferlinum á móti Íslandi á Parc des Princes 29. apríl 1987.

- Michel Platini var valinn besti knattspyrnumaður Evrópu þrjú ár í röð, 1983, 1984 og 1985.

Dagskrá EM 2008



RIÐLAR

A Sviss	Tékkland	Portúgal	Tyrkland
B Austurríki	Króatía	Þýskaland	Pólland
C Rúmenía	Frakkland	Holland	Ítalía
D Spánn	Rússland	Grikkland	Svíþjóð

Júní

Riðlakeppnin

7 Sviss - Tékkland	Basel	A	Portúgal - Tyrkland	Genf
8 Austurríki - Króatía	Vín	B	Þýskal. - Pólland	Klagenfurt
9 Rúmenía - Frakkland	Zürich	C	Holland - Ítalía	Bern
10 Spánn - Rússland	Innsbruck	D	Grikk. - Svíþjóð	Salzburg
11 Tékkland - Portúgal	Genf	A	Sviss - Tyrkland	Basel
12 Króatía - Þýskaland	Klagenfurt	B	Austurríki - Pólland	Vín
13 Ítalía - Rúmenía	Zürich	C	Holland - Frakkland	Bern
14 Svíþjóð - Spánn	Innsbruck	D	Grikkland - Rússl.	Salzburg
15 Sviss - Portúgal	Basel	A	Tyrkland - Tékkland	Genf
16 Pólland - Króatía	Klagenfurt	B	Austurríki - Þýskaland	Vín
17 Holland - Rúmenía	Bern	C	Frakkland - Ítalía	Zürich
18 Grikkland - Spánn	Salzburg	D	Rússl. - Svíþjóð	Innsbruck

Tvö efstu liðin í hverjum riðli komast í 8-liða úrslit

8-liða úrslit

19 A1-B2	1	Basel	20 B1-A2	2	Basel
21 C1-D2	3	Vín	22 D1-C2	4	Vín

Undanúrslit

25 Sigurv.	1 - 2	Basel	26 Sigurv.	3 - 4	Vín
------------	-------	-------	------------	-------	-----

Úrslitaleikur EM 2008

29		Ernst Happel Stadium	Vín
----	--	----------------------	-----

Heimild: UEFA



© GRAPHIC NEWS

Jói útherji

KNATTSPYRNUVERSLUN

Ármúla 36 s.588 1560 www.joiutherji.is

EM 2008 – þú færð treyjurnar hjá okkur



SPÁNVERJAR OG ÍTALAR ERU BÚNIR AÐ BÍÐA LENGI

Það hefur mikið breyst frá því að Evrópumót landsliða fór fyrst fram fyrir 48 árum síðan. Í árdaga keppinnar komust aðeins fjögur lið í úrslitakeppnina en í dag komast sextán þjóðir í úrslitakeppnina og Evrópumótið er orðin ein stærsta íþróttakeppni heimsins.

Evrópumót landsliða í fótbolta fer nú fram í þrettánda sinn og aðeins tvær þjóðir, Þjóðverjar og Frakkar, hafa náð að vinna mótið oftast en einu sinni. Þjóðverjar eru sigursælasta þjóðin í sögu keppinnar en það eru þó liðin tólf ár síðan að Þýskaland vann keppnina í þriðja sinn (Vestur-Þýskaland fyrstu tvö skiptin) í Englandi 1996. Frakkar hafa unnið tvisvar sinnum, 1984 á heimavelli og svo 2000 þegar keppnin fór fyrst fram í tveimur löndum (Belgíu og Hollandi). Að þessu sinni sameinast nágrannarnir Sviss og Austurríki um að halda keppnina. Þjóðverjar eru einnig sú þjóð sem hefur ofast komist í lokaúrslitin eða alls tíu sinnum en þeir hafa komist í úrslitakeppnina allar götur síðan 1972 eftir að hafa ekki tekið þátt 1960 og 1964 og ekki komist í úrslitin 1968.

Spánverjar og Ítalar hafa ekki orðið Evrópumeistarar í meira en fjórutíu ár og bið þeirra er orðin löng, sérstaklega hjá Spánverjum sem hafa ekki unnið stóran titil síðan að þeir urðu Evrópumeistarar á heimavelli 1964. Ítalar hafa þó unnið tvo heimsmeistaratitla (1982 og 2006) frá því að þeir unnu Evrópumeistaratitilinn í fyrsta og eina skiptið 1968.



BIKARINN Á LOFT

FYRIRLIÐAR FJÖGURRA SÍÐUSTU ÞJÓÐANNA TIL ÞESS AÐ HAMPA EVRÓPUMEISTARATITILNUM. TALID FRÁ VINSTRI, PETER SCHMEICHEL FYRIR DANMÖRKU ÁRIÐ 1992, JÜRGEN KLINSMANN FYRIR ÞÝSKALAND ÁRIÐ 1996, DIDIER DESCHAMPS FYRIR FRAKKLAND ÁRIÐ 2000 OG THEODOROS ZAGORAKIS FYRIR GRIKKLAND ÁRIÐ 2004.

Ítalar geta jafnað afrek Þjóðverja og Frakka vinni þeir Evrópukeppnina en þeir yrðu þá handhafar tveggja stærstu titlanna eftir að hafa unnið heimsmeistaratitilinn sumarið 2006. Þjóðverjar voru bæði Evrópumeistarar og heimsmeistarar 1974 og Frakkar léku það eftir sumarið 2000.

Spánverjar og Ítalar hafa vissulega þurft að bíða lengi en það eru þó liðin 48 ár síðan að Sovétmenn urðu fyrsta þjóðin til að vinna Evrópumeistaratitilinn 1960. Það hefur margt breyst síðan að Sovétríkin leystust upp en áður höfðu Sovétmenn spilað fjórum

sinum til úrslita eða oftast en nokkur þjóð á þeim tíma.

Frammistaða Michels Platini í úrslitakeppninni 1984 á sér enga líka. Hann leiddi franska landsliðið til sigurs á heimavelli með níu mörkum í aðeins fimm leikjum. Spánverjar (1964) og Ítalar (1968) höfðu náð því að vinna Evrópumeistaratitilinn á heimavelli en í bæði skiptin tóku aðeins fjögur lið þátt í lokaúrslitunum. Frakkar eru því eina þjóðin sem hefur orðið Evrópumeistari á heimavelli síðan að lokakeppnin tók á sig núverandi mynd. Heimaliðunum hefur þó

alltaf gengið vel og gestgjafarnir hafa ávallt verið í hópi fjögurra efstu. Eina undantekningin var sumarið 2000 þegar Belgar og Hollendingar héldu keppnina saman. Hollendingar fóru þá í undanúrslit en Belgar sátu eftir í riðlakeppninni.

Grikkir unnu óvænt Evrópumeistaratitilinn fyrir fjórum árum. Fáir þjuggust við því og enn færri sjá þá endurtaka leikinn. Það er ekki bara vegna þess að allt gekk upp í varnarsinnuðum leik liðsins 2004 heldur einnig það að engum Evrópumeistara hefur tekist að verja titilinn í 48 ára sögu keppinnar.



SPURT OG SVARAD
Hverjir vinna EM?
Hvaða leikmaður slær í gegn?



ÓLAFUR JÓHANNESSON:
„Held að Hollendingar taki þetta og ég er hrifnastur af Sneijder þar og held að hann verði stjarna mótsins.“



KRISTJÁN MÖLLER:
„Spánn vinnur Portugal, 2-1, í úrslitaleik og Fernando Torres mun verða besti maður mótsins.“



HELENA ÓLAFSDÓTTIR:
„Ég vona að tími Spánverja sé kominn. Ég held hins vegar að Ronaldo geti ekki klikkað og hann verður stjarna mótsins.“



TRYGGVI GUÐMUNDSSON:
„Þetta stendur á milli Býskalands og Frakklands og annað hvort Ballack eða Henry verður maður mótsins.“

EVROPUMEISTARAMÓTIÐ Í FÓTBOLTA - RIÐILL D

GRIKKLAND

Grikkland
Þjálfari: Otto Rehhagel



Úrslitak. EM
Sigurveggar 2004
Árangur: S4-J2-T3



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Fanis Gekas

27 ára sóknarmaður

Skaust upp á sjónarsviðið með tuttugu mörkum fyrir Bochum á þarsíðasta tímabili þegar liðið féll. Keyptur til Leverkusen og er orðinn aðalsóknarmaður Grikkja í stað Angelos Charisteas. Er oftast ekki á réttum stað á réttum tíma og virðist þefa upp mörkin. Þarf að vera í formi ef Grikkir ætla sér langt.

SVÍÞJÓÐ

Svíþjóð
Þjálfari: Lars Lagerbäck



Úrslitak. EM
Undanúrslit 1992
Árangur: S3-J5-T3



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Kim Källström

25 ára miðjumaður

Frábærar sendingar og góð skot hans eru stöðug ógn af miðjunni. Vinnuhestur mikill sem stjórnar spilinu á miðju Svía. Kallaður Kongo-Kim af Svíum og skoraði stórbrotið mark í 2-1 sigri þeirra á Íslandi 2006. Gæti leikið lykilhlutverk líkt og hann gerir hjá Lyon.



PRESSA Á SPÁNVERJUM

Spánverjar eiga að öllu óbreyttu að komast áfram úr sínum riðli. Svíar og ríkjandi Evrópumeistarar Grikkja eru líklegir til að berjast um annað sætið. Guus Hiddink hefur þó sýnt að hann getur gert ótrúlega hluti með rússneska liðið sem margir gleyma.

Svíar eru eina Norðurlandþjóðin sem spilar á EM í ár. Henrik Larsson dustaði rykið af landsliðsskónum og spilar á sínu síðasta stórmóti við hlið Zlatans Ibrahimovic sem hefur raunar ekki skorað fyrir landsliðið frá því í október árið 2005. Svíar eru sóknarsinnadri með hverju árinu sem liður og með Kim Källström á miðjunni og Fredrik Ljungberg og Christian Wilhelmsson á köntunum gætu þeir leikið flottan fótbolta. Tobias Linderoth gæti aftur á móti verið lykilmáður liðsins en hann er nýstíginn upp úr meiðslum. Hann verndar vörnina vel en markmannsstaðan hefur verið höfudverkur hjá Lars Lagerbäck. Andreas Isaksson spilaði lítið á síðasta tímabili og hefur þjálfarinn viðurkennt að staðan sé ekki eins og best verður á kosíð.

Grikkir eru ríkjandi Evrópumeistarar og skyldi enginn vanmeta þá. Líkurnar á því að þeir verji titil sinn eru þó taldar afar litlar. Theodoros Zagorakis er hættur en hann var valinn besti leikmaður EM 2004. Þeir skarta þó mörgum frambærilegum knattspyrnumönnum sem flestir bera skemmtileg nöfn. Antonios Nikopolidis markmaður er silfurrefur mikill og fyrir framan hann eru reynslumiklir og sterkir menn í flestum stöðum. Grikkir unnu undanriðil sinn með glæsibrag og hlutu flest stig allra þjóða í riðlakeppninni, 31 talsins. Margir úr Evrópumeistaraliðinu spila á EM í ár, fjórum árum reynslumeiri en í Portugal árið 2004.

Rússar eru af fáum taldir líklegir til afreka. Guus Hiddink er samt sem áður meðal færustu þjálfara í heimi en hann er að byggja upp nýtt og spennandi lið. Ígor Akinfeev er magnaður markmaður sem er væntanlega á leiðinni til stærri liða í Evrópu. Rússar spila afar þéttan varnarleik og beita síðan skyndisöknum með skemmtilega kantmenn. Andrei Arsjavin er lykilmáður hjá Rússum en hann er í leikbanni í fyrstu tveimur leikjunum. Er það skarð fyrir skildi og eru Rússar nokkuð stórt spurningamerki.

Spánverjar hafa oftast ekki valdið vonbrigðum. Á pappírnum eiga þeir að vera með einn sterkasta hópinn, með stórkostlega leikmenn í öllum stöðum, en þeir hafa ekki orðið meistarar síðan 1964. Frá Iker Casillas í markinu, Puyol í vörninni, Xavi, Fabregas og Iniesta á miðjunni og eins heitasta framherja Evrópu, Fernando Torres, eiga Spánverjar svo sannarlega að klára sinn riðil og komast mun lengra. Hvort það tekst verður svo að koma í ljós. Þeir unnu riðil sinn í undankeppninni sem Ísland var einmitt í. Þar urðu Svíar í öðru sæti en liðin unnu innbyrðis hvort sinn leikinn þar.



Salzburg
Byggður: 2003. Opnaður á ný: Júlí 2007
Áhorfendafjöldi: 30.000

Leikir:
10. júní Grikkland - Svíþjóð
14. júní Grikkland - Rússland
18. júní Grikkland - Spánn

Heimavöllur: Red Bull Salzburg
Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

Innsbruck
Opnaði: September 2007
Áhorfendafjöldi: 30.000

Leikir:
10. júní Spánn - Rússland
14. júní Svíþjóð - Spánn
18. júní Rússland - Svíþjóð

Heimavöllur: FC Wacker Tirol
Heimild: UEFA © GRAPHIC NEWS

SPÁNN

Spánn
Þjálfari: Luis Aragones



Úrslitak. EM
Sigurveggar 1964
Árangur: S8-J8-T8



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Daniel Güiza

27 ára sóknarmaður

Markahæsti leikmaður spænsku deildarinnar á síðasta tímabili. Kona hans er fyrrum undirfatamódel og kom oft nakin fram. Hún er einnig umboðsmaður þessa snjalla framherja. Á eftir Torres í goggunarröðinni en gæti vel fengið tækifæri til að sýna snilli sína. Hélt Raúl úr hópnum.

RÚSSLAND

Rússland
Þjálfari: Guus Hiddink



Úrslitak. EM
Sigurveggar 1960
Árangur: S8-J5-T9



FYLGSTU MEÐ ÞESSUM



Róman Pavljútsjenkó

26 ára sóknarmaður

Snjall framherji sem skoraði meðal annars tvö mörk í sigri Rússa á Englingum, sem á endanum komust ekki á EM. Markahæsti leikmaður í rússnesku deildinni síðustu tvö tímabil. Gæti spilað stóra rullu hjá Rússum.



MAARUD



MAARUD

POTETGULL

Sourcream
& onion

Finriflete potetchips med amerikansk
sourcream & onionsmak

250g

...beint i mark!

EM Í FÓTBOLTA

Í SJÓNVARPINU 7.-29. JÚNÍ

LAUGARDAGUR 7. JÚNÍ

15:00 EM 2008 - upphitun
16:00 **SVISS-TÉKKLAND**
18:45 **PORTÚGAL-TYRKLAND**
23:45 EM 2008 - samantekt

MIÐVIKUDAGUR 11. JÚNÍ

15:30 EM 2008 - upphitun
16:00 **TÉKKLAND-PORTÚGAL**
18:45 **SVISS-TYRKLAND**
22:25 EM 2008 - samantekt

SUNNUDAGUR 8. JÚNÍ

15:30 EM 2008 - upphitun
16:00 **AUSTURRÍKI-KRÓATÍA**
21:35 **ÞÝSKALAND-PÓLLAND**
23:20 EM 2008 - samantekt

FIMMTUDAGUR 12. JÚNÍ

15:30 EM 2008 - upphitun
16:00 **KRÓATÍA-ÞÝSKALAND**
18:45 **AUSTURRÍKI-PÓLLAND**
22:25 EM 2008 - samantekt

MÁNUDAGUR 9. JÚNÍ

15:30 EM 2008 - upphitun
16:00 **RÚMENÍA-FRAKKLAND**
18:45 **HOLLAND-ÍTALÍA**
22:25 EM 2008 - samantekt

FÖSTUDAGUR 13. JÚNÍ

15:30 EM 2008 - upphitun
16:00 **ÍTALÍA-RÚMENÍA**
18:45 **HOLLAND-FRAKKLAND**
22:25 EM 2008 - samantekt

ÞRIÐJUDAGUR 10. JÚNÍ

15:30 EM 2008 - upphitun
16:00 **SPÁNN-RÚSSLAND**
18:45 **GRIKKLAND-SVÍÐJÓÐ**
22:25 EM 2008 - samantekt

LAUGARDAGUR 14. JÚNÍ

15:30 EM 2008 - upphitun
16:00 **SVÍÐJÓÐ-SPÁNN**
18:45 **GRIKKLAND-RÚSSLAND**
23:15 EM 2008 - samantekt

Þorsteinn J. mun ásamt sérfræðingum sínum þeim Auðuni Helgasyni og Péttri Marteinsyni fjalla um keppnina á skemmtilegan og fræðandi hátt.





SUNNUDAGUR 15. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **SVISS-PORTÚGAL**

18:45 **TYRKLAND-TÉKKLAND**

23:20 EM 2008 - samantekt

MÁNUDAGUR 16. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **PÓLLAND-KRÓATÍA**

18:45 **AUSTURRÍKI-ÞÝSKALAND**

22:25 EM 2008 - samantekt

ÞRIÐJUDAGUR 17. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **HOLLAND-RÚMENÍA**

18:45 **FRAKKLAND-ÍTALÍA**

22:25 EM 2008 - samantekt

MIÐVIKUDAGUR 18. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **GRIKKLAND-SPÁNN**

18:45 **RÚSSLAND-SVÍÞJÓÐ**

23:20 EM 2008 - samantekt

FIMMTUDAGUR 19. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **ÁTTA LIÐA ÚRSLIT**

22:25 EM 2008 - samantekt

FÖSTUDAGUR 20. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **ÁTTA LIÐA ÚRSLIT**

22:25 EM 2008 - samantekt

LAUGARDAGUR 21. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **ÁTTA LIÐA ÚRSLIT**

23:30 EM 2008 - samantekt

SUNNUDAGUR 22. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **ÁTTA LIÐA ÚRSLIT**

22:25 EM 2008 - samantekt

MIÐVIKUDAGUR 25. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **FYRRI UNÐANÚRSLITALEIKUR**

22:25 EM 2008 - samantekt

FIMMTUDAGUR 26. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **SEINNI UNÐANÚRSLITALEIKUR**

22:25 EM 2008 - samantekt

SUNNUDAGUR 29. JÚNÍ

17:30 EM 2008 - upphitun

18:45 **ÚRSLITALEIKUR**

22:25 EM 2008 - samantekt



Íþróttafréttamenn Sjónvarpsins munu lýsa leikjunum eins og þeim einum er lagið.

ROBERTO ROSETTI (ÍTALÍA)
Yfirmaður á sjúkrahúsi í Tórínó sem hefur verið FIFA-dómari síðan árið 2003. Heimsmeistaramótið í Þýskalandi árið 2006 var fyrsta stórmótið sem Rosetti dæmdi á en hann var óvænt kallaður til þess að dæma þar í stað lands síns Massimos de Santis sem lenti í dómrahneykslinu fræga í ítölsku deildinni.



NORDIC PHOTOS/AFP

PETER FROJDFELDT (SVÍÞJÓÐ)
Ítalir munu eflaust reyna að forðast hann þar sem hann gaf leikmönnum Juventus tvö rauð spjöld í leik gegn Arsenal á Highbury-leikvanginum í átta-liða úrslitum Meistaradeildarinnar árið 2006.



PIETER VINK (HOLLAND)
Hætti sem lögregluþjónn til þess að einbeita sér að dóm-gæslunni en hann dæmdi fyrri leik Arsenal og Liverpool í átta-liða úrslitum Meistaradeildarinnar í ár og var gagnrýndur fyrir að dæma ekki vítaspyrnu þegar landi hans Dirk Kuyt togaði í Alexander Hleb innan teigs.



LUBOS MICHEL (SLÓVAKÍA)
Fyrirverandi kennari sem talar, auk slóvakísku, rússnesku, ensku, þýsku og pólsku auk. Jafnan talinn meðal bestu dómara heims í dag en hann dæmdi úrslitaleik Meistaradeildarinnar í ár þegar Manchester United lagði Chelsea að velli í Moskvu.



HERBERT FANDEL (ÞÝSKALAND)
Píanóleikari og yfirmaður í tónlistarskóla. Dæmdi frægan landsleik Danmerkur og Svíþjóðar í undankeppni EM þegar ofurólvi stuðningsmaður danska landsliðsins veittist að honum og reyndi að lemja hann. Fandel flautaði leikinn af á 89. mínútu en Svíum var síðar dæmdur 3-0 sigur í leiknum.



MANUEL MEJUTO GONZALEZ (SPÁNN)
Ástæðan fyrir því að Skotar eru ekki á EM í Austurríki og Sviss samkvæmt Alex McLeish, þjálfara skoska landsliðsins, eftir að dómariinn dæmdi ítölum aukaspyrnu sem þeir skorðu úr á lokaandartökum leiks Skotlands og Ítalíu í undankeppni em. Samt líklega þekktastur fyrir að dæma úrslitaleik AC Milan og Liverpool í Meistaradeildinni árið 2005.



HOWARD WEBB (ENGLAND)
Tók sér fri frá starfi sínu sem lögregluþjónn til þess að einbeita sér algjörlega að dómarastráfinu. Hann hefur dæmt í ensku úrvalsdeildinni frá árinu 2003.



MASSIMO BUSACCA (SVISS)
Rekur fyrirtæki í Sviss en hefur verið FIFA-dómari síðan árið 1999 og dæmdi nokkra leiki á HM í Þýskalandi árið 2006. Busacca dæmdi úrslitaleik UEFA-bikarsins á milli Espanyol og Sevilla á Hampden Park í Glasgow í fyrra þar sem Moisés Hurtado, leikmaður Espanyol, fékk að líta rautt spjald.



KONRAD PLAUTZ (AUSTURRÍKI)
Leikari og stjórnandi áhugamannaleikhúss í heimabæ sínum í Austurríki. Plautz hefur verið dómari síðan hann var táníngur og kaus að eigin sögn frekar að dæma en að berjast við að komast í heimabæjarliðið sem hægri bakvörður.



TOM HENNING OVREBO (NOREGUR)
Hefur verið valinn dómari ársins í Noregi fimm sinnum á síðustu sex árum. Fór mikinn í seinni leik inter og Liverpool í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar í ár þar sem níu spjöld fóru á loft.



FRANK DE BLEECKERE (BELGÍA)
Einna þekktastur fyrir að gefa hinum ítalska Marco Materazzi tvö gul spjöld fyrir litlar sakir og þar af leiðandi rautt spjald í leik inter og Liverpool í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í ár.



KYROS VASSARAS (GRIKKLAND)
Vinnur á ferðaskrifstofu í Grikklandi þegar hann er ekki að dæma og er mikill tungumálafrömuður en hann talar auk grísku, þýsku, spænsku og ensku. Vassaras hefur verið FIFA-dómari frá árinu 1998 en hann dæmdi sinn fyrsta landsleik árið 1999.



Það verður nóg að gera hjá Kristni Jakobssyni í hlutverki hans sem fjórði dómari á EM í Austurríki og Sviss. Hann sér um allar skiptingar, tekur tölfræði og er tengiliður á milli dómaraþríosins, sem hann kemur til með að vinna með í viðkomandi leikjum, við fjölmiðla og fleiri aðila.

MYND:ANTON BRINK

» TALAR VIÐ DÓMARANN Í LEIK

Þótt Ísland hafi ekki náð að tryggja sér þátttökurétt á EM í Sviss og Austurríki þá eigum við Íslendingar einn fulltrúa á mótinu en það er milliríkjadómariinn Kristinn Jakobsson. Hann var valinn til þess að verða fjórði dómari í keppninni og Sport sló því á þráðinn til hans og fékk að heyra um umfangsmikinn undirbúning fyrir mótið og hvað felst í hlutverki hans sem fjórði dómari á EM.

Víð sem vorum tilnefndir í þetta verkefni fengum send gögn upp úr áramótum þar sem farið var vel yfir hvað menn þyrftu að gera í undirbúningnum fyrir mótið. Þar voru tilgreindar þær ráðstefnur sem menn þyrftu að sækja og ítarlegt æfingarprogram lagt fyrir mannskapinn,“ sagði Kristinn sem hefur verið undir ströngu eftirliti frá æfingastjóra á vegum UEFA. „Ég fékk þar til gerðan búnað sem ég set alltaf upp við æfingar

og þegar ég dæmi leiki, en búnaðurinn tekur upp allar upplýsingar um vegalengdir sem ég hleyp og hjarta- og þoltölur og annað. Eftir æfinguna eða leikinn sendi ég svo upplýsingarnar á tölvutæku formi til dómaraæfingastjóra á vegum UEFA sem fylgist með því sem maður er að gera og sér til þess að allir séu 100% tilbúnir í sitt verkefni,“ sagði Kristinn.

ÁTTUNDU AUGU DÓMARANS
Í dómaraþróunum sem sér um dóm-gæsluna á EM í Sviss og Austurríki eru tólf dómara, tuttugu og fjórir aðstoðardómara og átta menn sem eru sérhæfðir sem fjórðu dómara og Kristinn er einn þeirra. En hvert er nákvæmlega hans hlutverk þegar mótið hefst?

„Dómaranefnd UEFA sér um að raða dómurum á leiki eða í raun dómaraþróun þar sem dómaramenn, sem eru frá tólf ólíkum löndum, vinna alltaf með aðstoðardómurum sem eru frá sama landi. Því er ólíkt farið með fjórðu dómara, sem dómaraþróunin sér um að velja, með hvaða dómaraþróunum þeir vinna á mótinu. Ég mun því vinna náði með því dómaraþrói sem ég mun starfa með og þar kemur til allur undirbúningur fyrir leiki, s.s. að taka til alla papp-

íra og leikskýrslur, sjá um samskipti við fjölmiðla, leikmenn og forráðamenn liða á leikstað og vera tilbúinn ef eitthvað kemur upp á. Á meðan á leik stendur verð ég á milli varamannabekkjanna liðanna og sé um skiptingar og að halda utan um og skrá niður allt sem gerist inni á vellinum, það er að segja skiptingar, áminningar og mörk. Ég verð svo tengdur ákveðnum samskiptabúnaði við dómaraþróið á meðan á leiknum stendur og ef ég sé til að mynda eitthvað inni á vellinum sem þeir sjá ekki, t.d. fólkskubrot eða annað sem þarf að taka á, þá á ég að stíga inn og láta þá vita. Ég er því í raun áttundu augu þeirra á vellinum,“ sagði Kristinn sem kvað engum sérstökum tækninýjungum í dóm-gæslu beitt á EM.

ENGAR TÆKNINÝJUNGAR
„Það verða engar tækninýjungar í dóm-gæslu notaðar á EM sem hafa ekki verið notaðar áður í Evrópuboltanum. Svokallað hawk-eye kerfi, sem dæmir með fullkomnum hætti um hvort bolti sé innan línu eða utan, verður ekki notað að þessu sinni,“ sagði Kristinn sem verður að öllu óbreyttu í sínu starfi sem fjórði dómari á EM út ríðlakeppnina áður en hann snýr sér að Landsbankadeildinni á ný.

KJÖRORÐ EM ER VIRÐING

Nýtt kjörorð fyrir EM í Austurríki og Sviss er „Respect“ eða „virðing“. Það undirstrikar „fair play“ eða „háttvísi“, sem alþjóða knattspyrnusambandið, FIFA, hefur barist fyrir. „Þetta snýst um að menn sýni hver öðrum virðingu innan vallar sem utan og berjast gegn illum öflum í samfélaginu s.s. kynþáttahatri, alls kyns ofbeldi og fordómum,“ sagði Michel Platini, forseti UEFA.

Kristinn Jakobsson telur að kjörorðið eigi vel við í sambandi við þær áherslur sem eru að eiga sér stað í dóm-gæslunni.

„Þetta snýst náttúrulega um að menn sýni virðingu í öllu sem þeir taka sér fyrir hendur, hvort sem þú ert leikmaður, þjálfari, forráðamaður, áhorfandi eða dómari. Við dómara höfum náttúrulega verið að berjast fyrir því að fá meiri virðingu fyrir okkar störf og auðvitað þurfum við fyrst og fremst að sýna leiknum virðingu til þess að við fáum virðingu. Þetta er bara eins og mamma manns kenndi manni, kurt-eisi kostar ekkert,“ sagði Kristinn sem ítrekar þó að megináherslurnar í dóm-gæslu væru vitaskuld enn til staðar.

„Það á auðvitað að taka stíft á öllum grófum leikbrotum svo sem aftan-í-tæklingum og tveggja-fóta-tæklingum. Einnig verður tekið fast á peysutogi og



Michel Platini, forseti UEFA, leggur mikið upp úr nýju kjörorði EM í Austurríki og Sviss.

NORDIC PHOTOS/AFP

leikaraskap sem fyrr og það er búið að fara vel yfir það á fundum með dómaraþróuninni með myndbands-upptökum af atvikum úr leikjum í Meistaradeildinni og undankeppni Evrópumótsins,“ sagði Kristinn.

EM TILBOÐ á Shell

Coca Cola 0,5 l. og 175 gr. Maaruð snack

Vörumerki Shell eru notað af Skjalungi með leyfi Shell Brands International AG.



Hér átti að birtast auglýsing frá
Enska Barnum við Austurvöll,
en bakhliðin hentaði betur.

EM 2008 Á ENSKA



Ef þessi íslenska íþróttahetja
væri á lífi í dag myndi hún eflaust horfa á
Evrópumeistarakeppnina 2008 á Enska Barnum við Austurvöll.



~ THE ENGLISH PUB ~
Austurvöllur

